

**Nd.**

**173. Nefndarálit**

um frv. til laga um banu á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.

Frumv. þetta lagði stjórnin fyrir háttv. Ed.; var það samhljóða bráðabirgðalögum 19. júní þ. á. Háttv. Ed. samþykkti frv. stjórnarinnar með lítillháttaðar breytingu við 2. gr. Nefndin leggur til að 2. gr. frv. verði feld burt, með því að hún væntir þess að heimild fyrir stjórnina til útflutningsbanns á *erlendri* nauðsynjavöru, verði gefin í öðrum lögum, sem liggja fyrir þinginu. Frumvarpið nær þá eingöngu til útflutningsbanns á vörum, sem fluttar eru til landsins frá Bretlandseyjum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt þannig breytt.

**BREYTINGARTILLAGA:**

2. gr. frv. falli burt.

Neðri deild Alþingis, 31. júlí 1915

H. Hafstein. Sveinn Björnsson. Þorleifur Jónsson.

Benedikt Sveinsson. Jón Magnússon.